


Alþingi
Erindi nr. P 135/2784
komudagur 15.5.2008

Hrókurinn  Skák er skemmtileg!

15. maí 2008

Til menntamálanefndar Alþingis

Frá Skákkfélaginu Hróknum

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skáksetur helgað afrekum Bobbys Fischers og Friðriks Ólafssonar, 492. mál.

Skákkfélagið Hrókurinn fagnar heilshugar tillögunni, sem felur í sér að menntamálaráðherra skipi starfshóp til að útfæra hugmyndir um alþjóðlegt skáksetur í Reykjavík.

Sú pólitíska samstaða sem að baki tillögunnar liggur er til marks um þann sess sem skáklístin hefur sem þjóðariþrótt Íslendinga. Óhætt er að staðhæfa að aldrei hafi fleiri Íslendingar stundað skák og á síðustu árum hefur sannkölluð vakning orðið meðal yngri kynslóðarinnar.

Rannsóknir sýna að skákkunnátta barna bætir námsárangur þeirra (sjá m.a. fylgiskjal 1) auk þess sem skákin hefur þá sérstöðu meðal allra keppnisíþróttanna að allir geta verið með, óháð aldri, kyni eða líkamsburðum. Einn minnisstæðasti skákvíðburður í 10 ára sögu Hróksins var þannig viðureign hins 5 ára gamla Alfreðs B. Valencia og hins 103 ára Guðmundar Daðasonar. Þar var 98 ára aldursmunur brúaður.

Í hinum alþjóðlega skákheimi er mjög litið til skáklandsins Íslands. Skákin er beinlínis hluti af ímynd okkar, bæði inn á við og út á við. Það hefur hinsvegar staðið uppbyggingu skákarinnar fyrir þrifum að eiga ekki verðugan samastað, þar sem hægt er að gera allt í senn: reisa kempum fortíðarinnar verðugan bautastein og skapa lifandi miðstöð þar sem unnið verður að enn frekari sókn skáklistarinnar.

Í slíkri miðstöð má ekki gleymast nafn þess manns sem í raun lagði grunn að skáklífi Íslands á 20. öld og var að öllu leyti einhver besti vinur sem Íslendingar hafa átt: Willard Fiske (1831-1904). Fiske var óþreytandi að boða fagnaðarerindi skáklistarinnar á Íslandi, gaf hingað taflsett og muni í stórum stíl, ritstýrði fyrsta íslenska skáktímaritinu og rannsakaði íslenska skáksögu. Að auki var Fiske útvörður í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, skrifaði um málstað okkar í blöð um allan hinn vestræna heim, safnaði íslenskum bókum, gaf hingað stórgjafir, safnaði fé fyrir fórnarlömb Suðurlandsskjálftans 1896, lagði sérstaka alúð við samfélagið í Grímsey og þannig mætti lengi áfram telja. Íslendingar hafa aldrei sýnt minningu Willards Fiskes verðugan sóma.

Hið alþjóðlega skáksetur mun vonandi hýsa skáksögusafn Íslands, verða lifandi vettvangur barnaskákmóta sem alþjóðlegra stórmóta en jafnframt – og fyrst og fremst – vagma íslenskrar skáklistar þar sem unga kynslóðin fær tækifæri til að tileinka sér heillandi heim skákarinnar, sem í senn er íþrótt, list og vísindi.

Skákkfélagið Hrókurinn vonar að menntamálanefnd, Alþingi og menntamálaráðherra stígi það gæfuspor að afgreiða og samþykkja þessa merkilegu tillögu.

INTERNATIONAL Herald Tribune

THE WORLD'S DAILY NEWSPAPER PUBLISHED BY THE NEW YORK TIMES EDITED AND PRINTED IN PARIS

TUESDAY, FEBRUARY 17, 2004

Skákin er tilvalin í skólann vegna þess hvað hún er skemmtileg

Eftir Brad Spurgeon

PARÍS

„Skákin er ekki aðeins tólmundaiðja,“ reit Benjamin Franklin árið 1779. „Marga, mikilvæga eðlisþætti mannhugans — nýtilega í lífshlaupi hvers manns — má vekja og efla með tafmennsku svo að þeir séu undir búnir hvenær sem á þarf að halda. Lífið sjálf er eins konar tafl.“

Franklín átti hér við kosti eins og fyrirhyggju, fhygli og þolgæði, en kennslufræðingar nútímans segja að skákin bæti ekki síður lestur, stærðfræðiskilning, rökhyggju og skapandi hugsun.

Þessir þættir og áherslubreytingar í skákheiminum hafa stuðlað að þeirri þróun víðs vegar um heiminn að koma skák inn í skóla, annað hvort sem valfagi eða — líkt og þegar hefur gerst í meira en 30 löndum — sem fístu fagi á aðalnámskrá. En, sem betur fer fyrir nemendurna, er skákin þeim tólmundaiðja.

„Skákin er skemmtileg; hún er frábær til þess að slaka á,“ segir Paul Gonzalez, 12 ára skáknemandi við College Joffre í Montpellier í Frakklandi. En hann bætir við: „Hún krefst mikillar einbeitingar og þegar maður teffir skák, sem endist í sex tíma, þarf maður að vera virkilega þolinmóður.“

En það er einmitt hin skemmtilega hlið skákarinnar sem Tim Redman, framkvæmdastjóri nefndar Alþjóðaskáksambandsins FIDE um skák í skólum, segir að geri hana að svo góðu kennslutæki. Redman er einnig forstöðumaður skákkennslu í Texas-háskóla í Dallas.

„Þegar börn læra að tefla langar þau til þess að tefla og þau gera sér í raun ekki grein fyrir því að þau séu að læra eða að þau séu að þroska hugann, þeim finnst þetta bara skemmtilegt,“ segir Redman. „Skákin er eiginlega kennsla á dularklæðum.“

Ein áhrifamikil rannsókn, „Teaching the Fourth R (Reasoning) Through Chess“, sem Robert Ferguson gerði á fimm ára tímabili í Pennsylvaníu snemma á niunda áratugnum, leiddi í ljós að færni í margvíslegri hugarleikni jókst um 17,3% hjá nemendum, með skák sem valfag, aðeins um 4,56% hjá nemendum, sem sóttu tíma í valfögum með svipuð markmið, þar sem vídfangsefni voru tölvuþrautir, hlutverkaleikur eða ámóta.

Rannsókn uppeldissálfraðingsins Stuart Margulies árið 1996, sýndi fram á aukna lestrarkunnáttu meðal

skáknemenda, en hún var gerð meðal þátttakenda í verkefnisins Skák í skólum á vegum New York-borgar. Það hófst árið 1986 og í því eru nú um 38.000 nemendur frá leikskólaaldri upp í 8. bekk í 160 skólum.

Í Kanada fjólgar sífellt þeim skólum, sem kenna skák og stærðfræði saman samkvæmt námskrá frá sjö ára aldri. Kinverjar, sem hafa ekki tileinkað sér skák fyrr en á síðustu árum, hafa hrundið af stað viðfeðmu skákátaki í skólum, en Tyrkir hafa sett sína eigin áætlun af stað og hyggjast halda alþjóðlegt skólaskákmót og ráðstefnu skákkennara hvaðanæva að í Apríl.

Þrátt fyrir alþjóðlega hreyfingu í þessa átt fara skólar einatt inn á þessar brautir fyrir eldmót skákáhuganna í hópi kennara. Í Montpellier hófst skákkennslan á hinn bóginn árið 1997 þegar Patrick Loubatière, frönskukennari og sonur forseta franska skáksambandsins, lét undan þrýstingi fyrrverandi nemenda sinna úr skákkennslu á öðrum vettvangi.

„Eftir sex mánaða nauð og nudd í þeim fór ég á fund skólalæra College Joffre og stakk upp á að ég stofnaði skákkúbb,“ segir Loubatière.

Klúbburinn jókst að umfangi og varð að einni kennslustund í viku auk daglegrar tafmennsku í tveggja stunda hádegishléi. Nemendurnir eru nú 150 talsins, frá tíu upp í 18 ára gamlir. Þeim er kennd herstjórnarlist skákarinnar, byrjarnir og endatafi og þeir eru prófaðir í efninu. Einkunnir reiknast með til aðaleinkunnar, en teljast ekki enn með til stúdentsprófs.

„Vonandi gerist það á næsta ári,“ segir Loubatière, en skáksambandið hefur farið þess á leit að menntayfirvöld viðurkenni skák sem opinbert valfag. „Menntakerfið á vitaskuld að viðurkenna kennslufræðilegt gildi skákarinnar og notfæra sér það.“

Þaðir hans, Jean-Claude Loubatière, segir að franskir skólar hafi gert eigin rannsóknir, sem sýni hvornig skákin auki námsárangur í öðrum greinum.

„Ég er stærðfræðikennari,“ segir hann „og það er sagt í skákheiminum að þrjár stundir af skák jafngildi tveimur stundum af stærðfræði plús tvær stundir af latínu. Skákin er nefnilega ekki ólík alþjóðlegu tungumáli þar sem það eru reglur og frumsetningar og einstaklingurinn þarf í senn að sýna aga og frumkvæði.“

Skákin er ólík flestum öðrum íþróttum að því leyti að leikina má endurtaka nákvæmlega og þá er svo hægt að greina og rannsaka til hlítar með því að lesa skákirnar, en þær eru settar á blað með aðferð sem ekki er ósvipuð algebru.

Á þennan hátt geta nemendurnir ekki aðeins farið yfir eigin skákir heldur nánast allar helstu viðureignir fortíðar auk skáka mikilmenna á borð við Napoleon, Al-

bert Einstein eða Jóhannes Pál páfa II.

Jean-Claude Loubatière bætir við að skákin sé líka keppni og sú hlið hennar hvetji nemendurna til dáða. Hefðbundnar námsgreinar eigi sér enga hliðstæðu hvað það varðar.

Sovétríkin sálugu notfæru sé velgengi á skáksviðinu til þess að reyna að færa sönnur á vitsmunalega yfirburði hins sósíalíska þjóðskipulags og fyrir vikið hefur skákin verið á námskrá þar um slóðir í meira en hálfa öld. En þegar Sovétríkin leystust upp var dregið úr fjárveitingum til skákar og keppnisgreinin skák leið fyrir og það hafði áhrif um heim allan.

Að sögn ungerska stórmeistarans Gabor Kallai, sem jafnframt er fyrirliði ungerska skákláskólans og talsmaður skáksambandsins þar í landi, er skólaskákin í þann veginn að fylla það tómarúm.

„Miðlungsgóðir stórmeistarar og alþjóðameistarar eru að skipta um starfsvettvang af því að það er einfaldlega ekki nóg fyrir þá að hafa upp úr skákinni sem keppnisgrein. Svo þeir hafa snúið sér að skákkennslu í hefðbundnum skólum,“ segir hann og bætir við að margir þeirra hafi sjálfsagt meira upp úr krafsinu þar sem eftirspurn eftir góðum skákkennurum aukist sífellt.

Anatolj Karpov, heimsmeistarinn fyrrverandi, er iðinn við að opna einkaskákskóla víðs vegar um heim, en margir þeirra selja svo þjónustu sína líka til almenningskóla.

„Skákin getur kennt þér rökhyggju, hvornig er best að hugsa, hvornig á að taka ákvarðanir og hvornig á að verja tíma sínum,“ sagði Karpov í nýlegu viðtali. „Það lærir þú ekki í öðrum greinum.“

„Þegar þú hefur teflið hefurðu tvo tíma, eða einn tíma eða 20 mínútur til þess að tefla og þú verður að aðlagast þeim tímamörkum og taka réttar ákvarðanir innan þeirra.“

Menn hafa ekki heldur gleymt því gagni, sem Franklín taldi að hægt væri að hafa af skák. Að sögn Bernard Coudray, sem kenndi skák í tvo áratugi í úthverfi Parísar, eftir skákin einnig sjálfslítið.

„Sumir nemendur auðsýndu athygli, einbeitingu og frumkvæði í skákinni, sem þeir sýndu ekki í öðrum greinum,“ segir hann. „Það gerði okkur hins vegar kleift að sýna þeim fram á að ef þeir hefðu allt þetta til að bera í skákinni gætu þeir notfært sér það í greinum eins og stærðfræði eða frönsku.“

Kallai, sem telur að skólar með skákkennslu í Ungverjalandi hlaiptu á hundruðum, bætir við að það séu einmitt félagslegir þættir sem ekki skipti minnstu hvað skákina varðar og það ekki aðeins til þess að kenna börnunum.

„Barn getur haft sigur á fullorðnum í skák,“ segir hann. „Það hjálpar foreldrinu til þess að skilja að barnið hefur vitsmunalegt sjálfstæði.“

„Þeir átta sig á því að... ókei, barnið er lítið en hann eða hún teffir afar vel. Það er með sjálfstæðan huga, eigin hugsanir, því fer fram og það lærir.“

Að auki gefur skákin fyrirheit fyrir þá færustu. Að sögn Redmans bjóða um 15 háskólar í Bandaríkjunum skákskólalstyrki. Líkt og með fótþáttaskólalstyrkina er ætíast til þess að styrkþegar leiki gegn liðum annarra háskóla, en þar lýkur samflíkingunni.

„Aðalstæða skákdeildarinnar hér er að nota skákina til þess að laða til okkar snjalla nemendur,“ segir Redman.

Brad Spurgeon er blaðamaður International Herald Tribune.

